

manns H. Th. A. Thomsens í Elliðaánum, á hann að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda í þessu máli, og fellur þá málskostnaður niður. En treysti hann sjer ekki til að vinna svofelldan eið, á hann að greiða 10 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma, sæta 3ja daga einföldu fangelsi. Sýo greiði hann þá og stefnda skaðabætur 38 kr. 22 aura, og í málskostnað fyrir báðum rjettum 40 kr. Þau hjer að framan greindu ummæli talsmanns áfrýjandans um talsmann hins stefnda eiga dauð og ómerk að vera.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 7. júnímán.

Nr. 3/1880

Verzlunarstjóri S. Richter

gegn

Sigríði Magnúsdóttur

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af S. Richter verzlunarstjóra í Stykkishólmi í umboði Wendels, forstjóra fyrir verzlun N. Chr. Grams á Dýrafirði, sem aðal-sækjanda, gegn Sigríði Magnúsdóttur, þáverandi á Íngjaldshóli í Snæfellsnessýslu, til borgunar á 100 krónum, sem bróðir hennar, Einar Magnússon í Hvammi, skulðar nefndri verzlun, og sem Sigríður eptir framburði Wendels hafði skuldbundið sig til að borga fyrir hann sumarið 1875, og til tryggingar fyrir borguninni fengið Wendel að handseldu veði 4 hluta-brjef Gránufjelags, hljóðandi samtals uppá 200 kr. Sigríður Magnúsdóttir hefur aptur höfðað gagnsókn gegn

Richter og krafizt, að hann skili sjer aptur nefndum hlutabryfum, og borgi sjer fyrir ár hvert, frá 1. apríl 1875 að telja, 5 kr. af hverjum 100 krónum í ákvæðisverði hlutabryfanna, fyrir að hafa haldið þeim fyrir sjer. Með dómi þeim, er kveðinn var upp í máli þessu fyrir aukarjetti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 24. nóvembermán. f. á., er aðalsækjandinn skyldaður til að láta af hendi við gagnsækjandann innan 4 vikna frá birtingu dómsins, hin nefndu hlutabryf Gránúfjelsins að við lagðri 4 kr. sekt fyrir hverja viku, er hann óhlýðnast dóminum, en málskostnaður er látinn falla niður; aptur á móti er ekkert dómsatkvæði lagt á kröfur sækjandans í aðalmálinu. Þessum dómi hefur Richter verzlunarstjóri áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. janúarmán. þ. á., og að fengnu konunglegu leyfisbryfi lagt fram ný skjöl og skilríki í málinu; hefur hann krafizt, að verða dæmdur sýkn af kröfum hinnar stefndu Sigríðar Magnúsdóttur, en að hún þar á móti verði skylduð til að greiða sjer þá umprættu 100 kr. skuld með 4% vöxtum árlega frá sáttadegi til borgunardags ásamt öllum málskostnaði fyrir undir- og yfirrjetti skadlaust eða með einhverju nægilegu eptir yfirdómsins mati. Hin stefnda hefur aptur á móti hvorki mætt nje mæta látið af sinni hendi fyrir yfirdóminum, og ber því að dæma málið eptir hinum framlögðu skjölum og skilríkjum.

Að því er fyrst snertir þá kröfu áfrýjandans, að hin stefnda verði dæmd til að greiða hina umpráttuðu 100 kr. skuld Einars bróður síns til verzlunar N. Chr. Grams á Dýrafirði, þá hefur, eins og áður er sagt, enginn dómur gengið um það atriði í hjerði, og getur yfirdómurinn því ekki lagt á það neitt dómsatkvæði, heldur ber að vísa málinu að þessu leyti frá yfirdómium; en þó að yfirdómurinn þannig ekki geti lagt

fullnaðar dóm á mál það, sem höfðað var sem aðalmál fyrir undirrjettinum, virðist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að yfirdómurinn leggi dóm á hitt málið sem sjálfstætt mál, þó að það upprunalega væri höfðað sem gagnsóknarmál.

Eins og að framan er á vikið, heldur áfrýjandinn því fram, að hin stefnda hafi fengið verzlunarstjóra Wendel í hendur hlutabryf þau, sem gagnsóknarmálið í hjeraði er útaf risið, til tryggingar fyrir því, að hún borgaði fyrir Einar bróður sinn 100 kr. skuld, sem hann árið 1874 var kominn í við verzlun N. Chr. Grams á Dýrafirði; þessa skuld hafi hin stefnda lofað að borga sumarið 1875, en hún sje enn óborguð, og því finni hann sjer ekki skylt að skila henni hlutabryfunum fyr en hún borgi skuldina. Hin stefnda hefur borið á móti því, að hún hafi veðsett hlutabryfin fyrir þessari skuld bróðir síns, en hún skýrir svo frá mála-vöxtum, að Wendel verzlunarstjóri hafi haustið 1874 lofað henni að útvega Einari bróður hennar rýmra jarðnæði og peninga til að kaupa fyrir kú, og hafi hún fengið honum hlutabryfin til tryggingar fyrir borgun kýrverðsins, en með því að Wendel hafi aldrei útvegað peninga fyrir kúna, og kýrin því aldrei verið keypt, álitur hún sig lausa allra mála og eiga heimting á að fá hlutabryf sín aptur. Með skjölum þeim og skilríkjum, sem fram eru komin í málinu af hendi áfrýjandans, einkum með þingsvitni, sem tekið hefur verið fyrir aukarjetti Ísafjardarsýslu, og sem áfrýjandinn hefur lagt fram fyrir yfirdóminum, verður það að álitast löglega sannað, að hin stefnda við áminnst tækifæri hafi skuldbundið sig til að borga í kauptíð 1875 fyr nefnda 100 kr. verzlunarskuld, sem Einar bróðir hennar þá var í við verzlun þá, er Wendel veitir forstöðu, og lofað Wendel að gefa honum tryggingu fyrir

Því. Að vísu hafa vitnin ekki sjeð hina stefndu fá Wendel í hendur hin umtöluðu hlutabryjef Gránufjelagsins, en með því að hann strax eptir viðræðu sína við hana sagði þeim, að hin stefnda hefði fengið sjer þau í hendur sem trygging fyrir borgun áminnstrar skuld- ar, og hin stefnda hinsvegar ekki hefur gjört neina til- raun til að sanna sögusögn sína um loforð Wendels, verður að álíta, að áfrýjandinn hafi leitt næg rök fyrir heimild sinni til að halda hinum umþráttuðu hluta- bryjefum, þangaðtil hin stefnda hefur uppfyllt skuldbind- ingar sínar við hann.

Samkvæmt framantöldu ber að dæma áfrýjandann sýknan af kærum og kröfum hinnar stefndu í þessu máli, en málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, verzlunarstjóri S. Richter, á að vera sýkn af kærum og kröfum hinnar stefndu, Sigríðar Magnúsdóttur, í þessu máli, en að öðru leyti vís- ast málinu frá yfirdóminum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Mánudaginn 21. júnímán.

Nr. 11/1880

Eiríkur Ásmundsson

gegn

E. Egilsson fyrir hönd

dánarbús O. P. Möllers.

D ó m u r:

Með stefnu, dagsettri 30. marzmán. næstl., hefur áfrýjandi þessa máls, Eiríkur Ásmundsson, skotið til yfirdómsins dómi, gengnum fyrir bæjarþingit Reykjavíkur kaupstaðar 18. desembermán. f. á., og er hann með þeim dómi skyldaður til að greiða stefnda 219 kr. 92